

## SKILMÁLAR UM AFHENDINGU OG SÖLU ORKU

Skilmálar um afhendingu og sölu raforku og heits vatns á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

### ENISYFIRLIT

Almennt.....	1
Heitt vatn.....	2
Raforka.....	3
Önnur gjöld.....	4
Ýmis ákvæði.....	5

### 1. Almennt

Söluskilmálar þessir gilda fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Söluskilmálarnir taka til afhendingar og sölu raforku og varmaorku.

#### SKILGREININGAR

Notandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.
Orkukaupandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.
Húsveita:	Búnaður notanda sem tengist einum mæli.
Ársnotkun:	Fjöldi kWh eða m <sup>3</sup> sem notaðar eru á einu ári (365) dögum.
Afltoppur:	Mesta mælda afl (kW) á árinu.
Heimlögn:	Samheiti yfir heimtaug rafmagns og heimæð vatns.
kWh:	Kílóvattstund, orkueining rafmagns
m <sup>3</sup>	Rúmmetrar, mælieining vatns

Almennt skiptist orkuverð í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan orkunotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.
- Orkugjald (kr/kWh eða kr/m<sup>3</sup>) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Að auki greiða viðskiptavinir með mikla raforkunotkun aflverð miðað við þann afltopp sem þeir nýta hverju sinni.

## 2. Heitt vatn

### 2.1 Fast gjald

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka :

- A: 15 mm til 20 mm
- B: 25 mm til 50 mm
- C: 65 mm og stærr

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

### 2.2 Breytilegt gjald

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns og /eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxa annan en H1, Almenn heitavatnsnotkun. Húshitun er með öllu óheimil á öðrum töxtum en H1. Heitt vatn til húshitunar ásamt baðvatni og vatni til set- og vaðlauga ber 7 % vsk. Heitt vatn til annarrar notkunar ber 24,5% vsk.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur. Ef sérstakur mælir er fyrir snjóbræðslu þá ber hann 24,5%vsk

IH2. Almenningsundlaugar.

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar.

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlauga. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfsseminnar.

IV2. Fiskeldi.

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir.

Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar. Taxtinn gildir ekki fyrir hitun iðnaðarhúsnæðis.

---

### 3. Raforka

Verðskrá raforku skiptist í dreifiverð og orkuverð. Dreifiverðið er fast skv. opinberri verðskrá dreifingar samþykktri af Orkustofnun. Orkuverð innifelur hins vegar framleiðslu og sölu á raforku sem eru samkeppnisþættir raforkuverðsins.

#### 3.1 Almenn raforkunotkun

##### A.1 Almenn notkun

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

##### A.4 Blönduð notkun

Taxti A.4 gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Taxtinn gildir fyrir sumar- og hesthús. Öll raforka er afhent órofin.

Skilyrði fyrir notkun taxta A.4 er að meginhluti raforkunnar fari til upphitunar húsnæðis. Taxtinn ekki heimill þar sem hitaveita hefur verið tengd.

Sé notkun takmörkuð geta notendur keypt raforku til sumarhúsa og hesthúsa samkvæmt taxta A.1.

#### 3.2 Afl- og orkunotkun

Afltaxtar geta skipst í þrjá þætti, fast gjald, aflagjald og orkugjald.

##### B.1 Afl- og orkumæling

Lágmarksafl á taxta B.1 er 30 kW.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti: fast gjald, aflagjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.
- Aflagjald (kr/kWh/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.
- Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu. Greitt er mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, sumarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir hæsta afltopp (kW) á árinu, nema forstjóri Orkuveitunnar ákveði annað. Aflagjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Almennt er lesið mánaðarlega á aflmæla. Hæsti mánaðartoppur er síðan færður sem afltoppur ársins.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðan afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á hæsta mánaðartoppi, sem mælst hefur á yfirstandandi ári. Reynist mældur mánaðartoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

## B.2 Útilýsing

Taxti B.2 gildir fyrir alla útilýsingu, þar með talda götulýsingu. Róftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, afgang og viðhaldsgjald:

- Afgang (kr/kW/ár) er gjald greitt fyrir aflnotkun ljósbúnaðar.
- Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þjónustu Orkuveitunnar vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi ljósbúnaði.

### 3.3 Tímaháð orkunotkun

Tímataxtar gilda fyrir tímaháða orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt tímatöxtum skal vera tímamæld og fjarálesin. Öll notkun á afhendingarstað skal seld skv. tímataxta og ekki hægt að skipta notkun á aðra taxa.

Orkuverð tímataxta er háð tímasetningu orkuafhendingar og getur verið breytilegt innan sólarhringsins og eftir árstíðum. Orkuverðið er háð álagi á rafdreifikerfið og hækkar með vaxandi álagi, en lækkar með minnkandi álagi.

### 3.4 Ótryggð orkunotkun

Almennir skilmálar Landsvirkjunar gilda um sölu á ótryggðu rafmagni. Seljanda er heimilt að takmarka eða rjúfa fyrirvaralaust og um ótiltekinn tíma og sér að skaðlausu afhendingu ótryggðs rafmagns, hvenær sem hann telur þess þörf.

Kaupandi skuldbindur sig til að tryggja að fullnægjandi varaafli sé ávallt fyrir hendi til viðkomandi reksturs, með eðlilegum afköstum, þegar afhending rafmagns er takmörkuð eða rofin, eða leggja fram skriflega yfirlýsingu um að varaafli sé ekki þörf.

Ótryggð orka er byggð upp í þremur verðþrepum. Almennt gildir verð 1. þreps eða þar til Landsvirkjun ákveður annað.

## 4. Önnur gjöld

### 4.1 Mælaleiga

Orkuveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnþækja sem notuð eru við sölu raforku og heits vatns samkvæmt verðskrá. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í föstum gjöldum samkvæmt verðskrár.

Óski notandi þess leigir Orkuveitan honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt verðskrá.

Ársleiga fyrir önnur tæki en talin eru í verðskrá er háð nánari ákvörðun Orkuveitunnar.

---

## 4.2 Álestrargjald

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í orkugjöldum samkvæmt 2. gr. verðskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári hjá minni notendum en tvisvar á ári hjá stærri notendum. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt texta B.1.

Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

## 4.3 Innheimtugjald

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

## 5. Ýmis ákvæði

### 5.1 Launafl í rafmagni

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafl í ári, miðað við 15 mínútna meðal gildi afls.

---